

Ed.

114. Frumvarp

til laga um viðauka við lög nr. 30, 22. okt. 1912, um vörutoll.

(Eftir 3. umr. í Nd.).

Allar íslenskar vörur, sem endursendar eru til landsins frá útlöndum, eru undanþegnar vörutolli, þó því að eins, að þær sjeu endursendar í hinum sömu umbúðum, sem þær voru sendar í frá landinu.

Afhenda skal gjaldheimtumanni landssjóðs á þeim stað, þar sem heim-send vara er sett á land, vottorð frá tollgæslustöð, þar sem varan er flutt á skip til heimsendingar, um að hún sje íslensk vara.